


Öryggi barna í bílum

Beltanotkun foreldra borið saman við búnað barna


Afgerandi niðurstöður liggja fyrir þegar tengsl milli óspenntra foreldra og aðbúnaðar barna þeirra í bílum eru athugaður. Í úrtakinu voru alls 552 foreldrar óspenntir og 15,4% barna þeirra voru einnig laus. Til samanburðar voru aðeins 1,5% barna laus þar sem foreldrar voru með beltin spennnt. En þess ber þó að geta að 32 foreldrar voru spennntir en börn þeirra laus.



Öryggi barna í bílum 2004

Sveitarfélög

Beltanotkun ökumanna



Ökumenn í bílbelti

Myndin sýnir beltanotkun ökumanna á landinu við komu með börn sín í leikskóla. Tölur aftan við sveitafélög gefa til kynna heildarfjölda ökumanna í könnun á hverjum stað.

Könnunin var framkvæmd í leikskólum í apríl 2004.

Ökumenn án bílbelta

Niðurstöður á landsvísu

Í ár voru 124 börn laus í bíl. 334 börn voru einungis með bílbelti sem er ófullnægjandi fyrir barn á leikskólaaldri en börn mega ekki nota bílbelti eingöngu fyrir en þau hafa náð a.m.k. 150 sm hæð.

Öryggi barna í bílum 2004


Samanburður milli ára, 1996 - 2004

Myndin sýnir hversu mörg prósent barna notuðu einhvern öryggisbúnað við komu í leikskóla.
Grænt: notuðu öryggisbúnað. Rautt: börn laus í bifreið án öryggisbúnaðar. Gult: Notuðu eingöngu bílbelti, en það er ekki fullnægjandi búnaður fyrir aldurshópinn.

UMFERDARSTOFA




LÝDHEILSUSTÖÐ



Notkun eftir sveitarfélögum

Nokkuð mismunandi er hvernig búið er að börnum í bílum eftir sveitarfélögum. Áður var það þannig að smærri staðir stóðu sig alltaf verst. Nú í ár eru stóru sveitarfélögin fyrir miðju (hægt er að nálgast þróun síðustu ára fyrir flest sveitarfélög í viðhengi).

Öryggi barna í bílum 2004 Sveitarfélög



Myndin sýnir samanburð milli sveitarfélaga í notkun öryggisbúnaðar barna við komu í leikskóla.

Könnunin var framkvæmd í leikskólum í apríl 2004.

Athugið að notkun bílbelta án annars búnaðar telst ófullnægjandi öryggisbúnaður fyrir börn á leikskólaaldri.

Börn notuðu réttan öryggisbúnað, bílstól eða bílpúða

Börn notuðu eingöngu bílbelti, en það er ekki fullnægjandi búnaður fyrir aldurshópinn.

Börn voru laus í bifreið, án öryggisbúnaðar


Bílpúðar með baki að verða vinsælli

509 börn sátu á bílpúða og 468 á bílpúða með baki en mjög jákvæð þróun hefur átt sér stað þar, þar sem mikil aukning hefur orðið á notkun bílpúða með baki en þeir veita mun meiri vörn en bílpúðar án baks.

Öryggi barna í bílum 2004

Þróun í notkun búnaðar 1999 - 2004

Myndin sýnir hver þróun hefur verið í notkun einstakra tegunda verndarbúnaðar fyrir börn í bílum. Einnig kemur fram hlutfall lausra barna í bílum þ.e. sem notar engan búnað.



Uppblásanlegur öryggispúði

Í ljós kom að 32 börn sátu fyrir framan uppblásanlegan öryggispúða en það er lífshættulegt og má segja að um alvarlega vanrækslu sé að ræða, þar sem öryggispúði kemur út á um 300 km/klst hraða og lendir á brjóstakassa og höfði barns sem situr fyrir framan hann.



“Kostnaður”

Talsvert var um að börn sætu annaðhvort óspennt við hliðina á góðum búnaði eða sætu í búnaðinum án þess að vera með beltin spennt. Í flestum tilvikum báru foreldrar við tímaleysi, en það getur verið dýrkeypt. Lögreglu er gert að sekta ökumenn um 10.000 kr ef börn nota ekki öryggisbúnað í bíl, fyrir utan tjónið sem getur orðið ef lent er í slysi með illa eða óvarið barn í bíl.



Höldum áfram á sömu braut

Miklar framfarir hafa orðið á notkun öryggisbúnaðar frá því farið var að kanna ástandið með reglulegum hætti árið 1996. Í ár reyndust 95,5% barna nota einhvern öryggisbúnað miðað við 72% barna árið 1996.

Leikskólakennaranemar við Kennaraháskóla Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Árvekni-Lýðheilsustöð og Umferðarstofa framkvæmdu könnunina.

Nánari upplýsingar gefa:

Sigrún A. Þorsteinsdóttir Slysavarnafélaginu Landsbjörg gsm: 862-7003 vs: 570-5900 og mail: sigrun@landsbjorg.is

Herdís Storgaard Árvekni-Lýðheilsustöð gsm: 862-9054, vs: 552-4450 og mail: herdis.storgaard@hr.is